

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10, 3. hæð
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2010

Efni: Umsögn um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum

Undirritaður þakkar tækifæri til að gefa umsögn um ofangreint frumvarp og vill koma með athugasemdir varðandi eftirfarandi.

6. gr. Fagrád

a-liður:

Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir "... fagráðum á einstökum verksviðum embættisins, m.a. á sviði áfengis- og vímuefnavarna, manneldis, tannverndar, slysavarna og tóbaksvarna ..."

Ofangreind fagrád hafa fram að þessu starfað á vegum Lýðheilsustöðvar. Á vegum embættis landlæknis eru nú þegar eða hafa verið starfandi fjöldi fagráða um margvísleg málefni sem snerta forvarmarstarf. Hér má nefna fagrád um ung- og smábarnavernd, mæðravernd og skólaheilsugæslu. Einnig hafa verið starfandi fagrád um þjónustu til bjargar mannslífum, svo sem um skyndihjálp og endurlífgun. Ýmis önnur fagrád hafa verið við störf og fleiri mætti hugsa sér að koma á fót, t.d. um geðheilbrigði og kynheilbrigði.

Að mati Landlæknis er ekki nauðsynlegt að ráðherra setji reglugerð um skipan fagráða. Það skerðir sveigjanleika hins nýja embættis við skipan þeirra, sérstaklega þar sem eingöngu fimm fagrád eru nefnd í lögnum sem þó gera ráð fyrir þörf á fleiri fagráðum en þeim. Málsgreinin gæti því hljóðað svo, ef það er vilji Alþingis að setja reglugerð um starf fagráða:

Við embættið skulu starfa fagrád á einstökum verksviðum embættisins, sem í eiga sæti sérfróðir aðilar og fulltrúar stofnana og félagasamtaka á viðkomandi sviði. Velferðarráðherra skal setja reglugerð þar sem kræðið er á um fagrád og starfsemi þeirra. Fagrád skulu vera embættinu til ráðgjafar.

b-liður:

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að sjö manna stjórn Lýðheilsusjóðs þar sem fimm stjórnarmenn séu tilnefndir af fagráðunum, væntanlega þeim sem eru sérstaklega tilgreind í frumvarpinu. Aftur á móti gerir breytingartillagan ráð fyrir því að þörf sé á fleiri fagráðum en þeim fimm sem nefnd eru í breytingartillögunni. Því gefur fyrirbyggjandi breytingartillaga ekkert rými fyrir fulltrúa frá öðrum fagráðum sem gætu ekki síður haft mikilvægt hlutverk við úthlutun á fjármagni úr Lýðheilsusjóði og sem styðja við markmið hans. Það er því starfi nýs embættis ekki til framdráttar að í lögum marka þá stefnu að stjórn Lýðheilsusjóðs eigi að skipa fulltrúum frá fimm fyrirfram ákveðnum fagráðum. Þessi breytingartillaga er því að

nokkru leyti í mótsögn við sjálfan tilgang og anda laganna, þ.e. að efla samhæfingu á forvarnarstarfi í landinu í öllum þess fjölbreyttu myndum.

Það er tillaga Landlæknis að málsgreinin hljóði svo:

Stjórn Lýðheilsusjóðs skipa fimm fulltrúa úr fagráðum embættis landlæknis og lýðheilsu, einum fulltrúa embættisins og formanni sem skipaður er af ráðherra. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórn sjóðsins ráðstafar fé úr sjóðnum í samræmi við ákveði reglugerðar sem ráðherra setur skv. 4. mgr.

13. gr. Gildistaka.

Engin ástæða er til að fresta gildistöku laganna til 1. mars 2011 ef þau verða samþykkt fyrir áramót. Auk þess er þetta í mótsögn við það sem kemur fram í 10. grein um að öll störf hjá landlæknisembættinu og Lýðheilsustöð séu lögð niður frá 1. janúar 2011, auk þess að sameinuð stofnun taki við eignum beggja stofnana frá og með þeirri dagsetningu.

Undirbúningur að sameiningu er langt kominn. Reikningsár stofnana og nýtt fjárlagaár hefjast 1. janúar ár hvert. Það er mat Landlæknis að sameiginlegur rekstur geti auðveldlega hafist við komandi áramót þótt ný stofnun verði ekki komin í sameiginlegt húsnæði fyrr en t.d. 1. mars 2011. Slíkt fyrirkomulag gæfi mun betri mynd af rekstri sameinaðrar stofnunar heldur en tveggja mánaða sérrekstur stofnananna og síðan tíu mánaða rekstur sameinaðrar stofnunar.

Virðingarfyllst,

Geir Gunnlaugsson
landlæknir